

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Djúpavogshreppi árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 6.900 pr/hund á árinu 1996.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 1996.

1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í sveitarfélaginu og er kr. 5.000 pr/tunnu húsasorps. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.